

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði ⁽²⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽³⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽⁴⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins ⁽⁵⁾ voru felldar inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 ⁽⁶⁾ ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 frá 8. nóvember 2007 um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 ⁽⁷⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66y (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2150/2005):

„66ya. **32007 R 1315**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 frá 8. nóvember 2007 um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 (Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16).“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽⁶⁾ Stjtíð. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

⁽⁷⁾ Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16.

2. Eftirfarandi bætist við í lið 66x (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005):

„eins og henni var breytt með:

- **32007 R 1315**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 frá 8. nóvember 2007 (Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1315/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.